



Töluverð hækkun mánaðarlauna á milli 2019 og 2020

Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru regluleg laun launafólks í fullu starfi að meðaltali 670 þúsund krónur á mánuði á árinu 2020. Heildarlaun voru að meðaltali 794 þúsund krónur á mánuði á sama tíma, eða 18,5% hærri en reglulegu launin, og kemur þessi viðbót einkum til vegna yfirvinnu.

Bæði regluleg mánaðarlaun og heildarlaun fólks í fullu starfi voru hæst í fjármála- og váttryggingarstarfsemi á árinu 2020 og næsthæst í rafmagns- og hitaveitum. Lægstu launin voru í gisti- og veitingarekstri og í vatns- og fráveitum og meðhöndlun úrgangs. Samsetning starfsstétta er mjög mismunandi milli greina og hefur það áhrif á launastig. Þannig má t.d. nefna að rúmlega tveir þriðju launafólks í fjármála- og váttryggingarstarfsemi eru sérfræðingar, tæknar og sérmenntað starfsfólk á meðan u.þ.b. helmingur starfa í gisti- og veitingarekstri er í ræstingu og afgreiðslu. Þannig er menntunarstigið innan fjármála- og váttryggingargeirans hátt miðað við aðrar greinar og launin þar af leiðandi hærri.


Mismunandi samsetning launa

Sé litið á alla fullvinnandi eru heildarlaun um 19% hærri en regluleg mánaðarlaun. Þessi munur verður að mestu til vegna yfirvinnugreiðslna. Það er hins vegar mikill munur á milli greina hvað þessa viðbót við reglulegu mánaðarlaunin varðar. Álag á regluleg laun er lægst í fjármála- og váttryggingarstarfsemi (6%) og í upplýsingum og fjarskiptum (9%). Mesta álagið á reglulegu launin er í vatns- og fráveitum og meðhöndlun úrgangs og svo í heilbrigðis- og félagsþjónustu, þar sem 36-38% bætast ofan á regluleg mánaðarlaun.

Hækkun milli 2019 og 2020


Grunnlaun hækkuðu að jafnaði um 6,6% milli 2019 og 2020. Launavísitala hækkaði um 6,3% á sama tíma þannig að þar er ágætt samræmi. Heildarlaun fullvinnandi hækkuðu minna, um 5,3%, þannig að ljóst er að stytting vinnutíma hefur haft nokkur áhrif á þróunina.

Mánaðarlaun fullvinnandi fólks 2020



Heimild: Hagstofa Íslands

Munur á reglulegum launum og heildarlaunum fullvinnandi



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Bæði grunnlaun og heildarlaun hækkuðu langmest í gisti- og veitingarekstri, um 12% og 14%. Það kemur vel heim og saman við að launastigið er lægst í þessum greinum og að allar launahækkningar samkvæmt kjarasamningum á árinu 2020 voru krónutöluhækkningar.

Grunnlaun hækkuðu minnst í verslun og viðgerðum og í fjármála- og váttryggingarstarfsemi. Heildarlaun lækkuðu bæði í verslun og viðgerðum og í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð samhliða töluverðri hækkun grunnlauna. Líklegt er að styttri vinnutími skýri mest af þeirri þróun.

Stytting vinnutíma

Greiddum stundum fullvinnandi launafólks fækkaði að meðaltali um þrjár stundir á mánuði (1,4%) milli árana 2019 og 2020. Hér er um allar greiddar stundir að ræða og má rekja styttinguna bæði til samninga um styttingu vinnutíma en einnig til færri yfirvinnustunda sem unnar voru á árinu.


Vinnustundum fækkaði mest í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, um 5,7%, og næstmest í verslun og viðgerðum, um 3,1%. Það helst vel í hendur við lækkun heildarlauna í þessum greinum.

Fækkun greiddra stunda var meiri á almennum vinnumarkaði en hjá hinu opinbera þar sem greiddum vinnustundum launafólks í fullu starfi fækkaði um 2,7% milli ára á almenna markaðnum en 0,5% á þeim opinbera. Vinnutímastytting samkvæmt kjarasamningum var aðallega framkvæmd 2020 á almenna markaðnum og ekki fyrr en á árinu 2021 á þeim opinbera.

Áhrif veirufaraldursins


Veirufaraldurinn leiddi til þess að árið 2020 varð um margt óvenjulegt miðað við 2019. Miklar breytingar urðu á vinnumarkaði vegna faraldursins. Hluti launafólks færðist úr fullu starfi í hlutastarf yfir lengri tímabil vegna hlutabótaleiðar. Sú staða getur haft áhrif á meðallaun í ákveðnum störfum. Launafólki á vinnumarkaði fækkaði að jafnaði meira í lægra launuðum störfum sem leiðir til þess að meðaltal launa verður hærra en ella. Þá urðu einnig breytingar á vægi atvinnugreina. Þar má nefna verulegan samdrátt í ferðaþjónustu og aukna starfsemi í opinbera geiranum.

Launabreytingar milli 2019 og 2020



Heimild: Hagstofa Íslands

Greiddar stundir fullvinnandi á mánuði



Heimild: Hagstofa Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.